

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 392/1995 um mjólkurprótein til notkunar í matvæli.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. hluta í viðauka um hleypt kasein fyrir matvæli:

Nýr c-liður orðast svo:

c) *Tæknileg hjálparefni sem eru leyfileg við framleiðslu:*

- ostahleypir sem uppfyllir kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum,
- önnur ensím til að hleypa mjólk sem uppfylla kröfur reglugerðar nr. 1332/2008.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum og til innleiðingar á 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 um ensím í matvælum og um breytingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999, tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 2001/112/EB og reglugerð (EB) nr. 258/97. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 18. október 2011.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.